



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Orðspor

ÍSLE2OS05

Námsáætlun vorönn 2021

Kennarar

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

Þuríður M. Björnsdóttir (ÞMB)

Áfangalýsing

Orðspor er grunnáfangi í málfari og ritun. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýnni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Námsefni:

Hagnýt skrif, rafbók. <https://www.idnu.is/vara/vefbok-hagnyt-skrif/>

Efni frá kennara

Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilabox lokar er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.

Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.

- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefni sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Námsmat

Verkefni	Vægi	Reglur áfangans
Verkefni, málfar - 1, 2, 4, 6.	4%	Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila öllum verkefnum áfangans. Nemandi þarf að ná að lágmarki 5 á málfarsprófi til að ljúka áfanganum.
Verkefni, ritun - 3, 5, 7, 8.	11%	
Málfarspróf (málfarsverkefni)	25%	
Heimildaritun	20%	
Kjörbókarvinna	15%	
Skapandi skrif	15%	
Starfsviðtal	10%	

Vinnuáætlun Orðspor vorönn 2021

Vika	Dags.	Viðfangsefni og verkefni
2	6.-8. janúar	Kynning á áfanganum. Val á kjörbók, lestur hefst. Fjallað um málsnið, talmál, ritmál, gott mál og þrískiptingu efnisgreina. Verkefni 1: Málfar – gott mál.
3	11.-15. janúar	Verkefni 1: Málfar – gott mál. Kynning á matskvarða.
4	18.-22. janúar	Verkefni 2: Málfar – flæði, orðaforði (virkur og óvirkur) og orðanotkun.
5	25.-29. janúar	Verkefni 3: Ritun – efnisgrein með rökfærslu.
6	1.-5. febrúar	Verkefni 4: Málfar – mál og málvillur.
7	8.-12. febrúar	Verkefni 5: Málfar – fjölbreytni í orðaforða. Verkefni 6: Ritun – þriggja efnisgreina ritun.
8	15.-19. febrúar Kátir dagar 17. og 18. febrúar	Málfarspróf, byggt á verkefnum 1-7. Viðtöl.
9	22.-27. febrúar Miðannarmat	Verkefni 7: Ritun – 5 efnisgreina ritun.
10	1.-5. mars Áfangamessa	Verkefni 8: Kjörbókarverkefni. Talglerur.
11	8.-12. mars Valdagur 10. mars	Verkefni 9: Ritun – heimildaritun.
12	15.-19. mars Flóafár 19. mars	Verkefni 9, framhald.
13	22.-26. mars	Verkefni 9, framhald.
14	29. mars-2. apríl Páskafri	Páskafri
15	5.-9. apríl Páskafri 5. og 6. apr.	Verkefni 10: Skapandi skrif. Bókmenntahugtök og stílbrögð. Sjónarhorn.
16	12.-16. apríl	Verkefni 10, framhald.
17	19.-23. apríl Sumardagurinn fyrsti 22. apríl	Verkefni 10, framhald.
18	26.-30. apríl	Verkefni 11: Starfsviðtal.
19	2.-7. maí Síðasta kennsluvika	Uppsóp.
20		